

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1815  
komudagur 9.4.2001



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Det Islandske Advokatsamfund  
The Icelandic Bar Association

Reykjavík, 9. apríl 2001.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, lögum nr. 123/1993, lögum nr. 13/1996 og lögum nr. 60/1994; 126. löggjafarþing þskj. 818 – 522. mál**


Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) hefur borizt ofangreint frumvarp til um-sagnar.

Laganefnd hefur kynnt sér frumvarpið og hið ítarlega fylgiskjal 1. Það er álit nefndar-innar, að meti löggjafarvaldið það svo, að æskilegt eða nauðsynlegt sé að fylgjast sér-staklega með stækkun eignarhluta í fjármálafyrirtækum og eigendum slíkra hluta um-fram það sem gert er ráð fyrir t.d. í 10. gr. núverandi laga um banka og sparisjóði, sé í reglum frumvarpsins skynsamlega kveðið á um það, hvernig slíku eftirliti verði við komið. Gerir enda frumvarpið ráð fyrir því, að við eftirlit Fjármálaeftirlitsins verði í hvívetna fylgt reglum stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Þar sem mat á skilvirkni reglna frumvarpsins að öðru leyti byggist m.a. á rekstrar-fræðilegum forsendum, sér laganefnd ekki ástæðu til þess að tjá sig frekar um frum-varpið.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

  
Jakob R. Möller, hrl.  
formaður